

Frakkar og Þjóðverjar.

Bandalag Norðurálfsþjóða.

I.

Frakkar eru nú auðugasta og voldugasta þjóð jarðarinnar. Helmingi eru þeir sagðir gullauðgari þegar miðað er við mannfjölda, heldur en jafnvel gullþjóðin mikla vestanhafs. Aldrei hefir í sögu Frakka, uppgangur þeirra verið eins mikill og eftir ófriðinn mikla, sem þeir unnu með hjálp Bretta og Bandaríkjamianna, ófriðinn, sem vafalaust má telja stærsta fólskufyrirtækið, sem ráðist hefir verið í á Helvegi, og ráðist var í, þegar hinni, að vísu mjög svo veiku og vanstuddu viðleitni til þess að benda mannkyninu á leiðina burt af Helvegi, var ekki gaumur gefinn. Svo auðugir eru Frakkar, að þeir hafa leikið sjer að því, að koma upp stórkostlegustu víggirðingum, sem nokkurn tíma hafa gerðar verið, og öflugasta her, sem nokkurt ríki hefir haft á friðartínum; tekur þó einkum lofther þeirra fram öllu því, sem er hjá öðrum þjóðum. Velmegun Frakka byggist á því, hversu þeir hafa, eftir ófriðinn, kúgað Þjóðverja. Með ótrúlegum dugnaði rjetti hin þýska þjóð við eftir hinn ægilega ósigur og virtist um hrið ætla að risa undir hin-

um gifurlegu álögum. En nú er þó greinilega komið í ljós, að Frakkar hafa tekið svo fast fyrir kverkar hinum sigruðu, að þýska þjóðin er að lamast. Og lömun þessarar mestu menta-, iðnaðar- og verslunarþjóðar, er þegar farin að hafa mikil áhrif og hin verstu, á viðskiftalíf og velmegun fjölda þjóða.

II.

Menn ættu að hugleiða sögu mannkynsins, nokkuru meiri en algengt virðist. Sagan sýnir alveg ótvíræðlega, að sú þjóðarvelmegun, sem byggist á því að sigra og kúga aðrar þjóðir, er ekki varanleg. Tökum af mörgum dæmum, það sem næst er. Aldrei hafði uppgangur neinnar þjóðar verið annar eins og Þjóðverja eftir sigurinn yfir Frökkum 1871. Þýska þjóðin vann það ótrúlega afreksverk að komast jafnvel í verslun, fram úr verslunarþjóðinni miklu, Bretum. Svo sterkir voru Þjóðverjar orðnir, að þeir mundu, ásamt Austurríkismönnum, hafa sigrað alla Evrópu. Því að það virðist ekki geta verið vafamál, að það voru hinar tvær miljónir af óþreyttum Ameríkumönnum, með allan auð og kraft Bandaríkjanna að baki, sem ollu því, að úrslitin urðu á hinn veginn. Og varla mundi nokkur, sem kyntist högum Þjóðverja skömmu fyrir ófriðinn, hafa haldið, að fá-

einum árum seinná gætu verið orðin svo herfileg umskifti á þjóðarhögum. Því að engrar þjóðar velmegun virtist standa fastari fótum, eða hafa staðið, frá því sögur hófust.

Dæmi þetta sem vikið var á, er býsna fróðlegt, og það má segja með vissu, að á sömu leið muni fara um alla þá þjóðarvelgengni sem bygð er á ósigri og óförum annara þjóða, og þá einnig um velgengni **Frakka**, svo mikill sem uppgangur þeirra hefir verið undanfarið. Og þrátt fyrir allan auðinn, er þó „heimskreppan“ farin að taka einnig til þeirra, og er þó að vísu sá mikli munur þar og annars staðar, að Frakkar hafa nóg fje enn ^{þá} til að halda uppi atvinnubótum, þó að af völdum viðskiftateppunnar taki fyrir vana lega vinnu og vöruflutning.

III.

Tímnir nú eru svo fróðlegir, af því að nú sjest betur en nokkuru sinni áður, hversu samstarf þjóðanna er ómissandi skilyrði fyrir því, að þær geti þrifist, og setti nú að vera auðveldara en áður, að skilja hvílík nauðsyn er á að greitt verði fyrir því samstarfi skörulegar en hingað til hefir verið gert, og komið á í einhverri mynd, bandalagi allra þjóða Norðurálfunnar. En það sem sjálfsagðast virðist að byrja á, er að lina tökin á **Þjóðverjum**. —

Fengi **Þjóðverjar** greiðslufrest, og ekki skemmrí en fimm ára, þá mundi fljótt verða, sem fargi værljett af öllu viðskiftalífi álfunnar. En ekki lái jeg Frökkum það þó að þeir krefjist hinnar öruggustu tryggingar fyrir því, að **Þjóðverjar** ráðist ekki á þá, þegar þeir hafa náð aftur kröftum sínum. Og verður þó að segja sem er, að meðan mannkynið er á hinni röngu leið — eða á Helvegi, sem kalla mætti, — þá verður ekki fengin nein sú trygging gegn ófriði, sem fullkomlega sje örugg. En þegar sú þekking er fengin, sem lýsir mannkyninu á veginn til lífsins, þá mun auðið verða að útrýma gersamlega öllum ófriði og allri glæpsemi, en auka alla góða viðleitni, uns alt mannkyn stefnir einhuga og samtaka til ávalt betri framtíðar og meiri þroska.

8. janúar.

Helgi Pjeturss.